Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
2006

Vítahringur, Helgusona saga

Höfundur Kristín Steinsdóttir
Útgefandi Vaka-Helgafell 2004
159 blaðsíður – 64 stuttir kaflar auk eftirmála
Myndir Halla Sólveig Þorgeirsdóttir

Efnisorð

Íslendingasögur, fornbókmenntir, víkingar, þemaverkefni, samþætting, hópverkefni, ritun, lestur.

Bókin *Vítahringur – Helgusona saga* gerist á söguöld. Hún er skáldsaga sem byggir að nokkru leyti á *Harðar sögu og Hólmverja*, sögð frá sjónarhóli barna og unglinga. Aðalpersóna bókarinnar er unglingurinn Grímkell Harðarson. Hann er höfðingjasonur sem upplifir mótlæti er fjölskylda hans verður fyrir. Faðir hans á í miklum útistöðum við móðurbróður sinn. Grímkell hefur ekki áhuga á því að gerast víkingur og veldur tilhugsunin ein honum hugarangri. Aðstæðurnar krefjast þess hins vegar að hann grípi til vopna til að verja heiður fjölskyldu sinnar og ástvina. Á örlagastundu er hann tilbúinn að láta líf sitt í þeim tilgangi. Það er ekki síst ambáttin Afreka sem kveikir í honum hefndarþorstann. Í bókinni er sorgarsaga Afreku rakin. Hún var fædd á Suðureyjum en víkingar höfðu hana á brott þaðan eftir að hafa drepið föður hennar og bræður. Á Íslandi þarf hún að þola mikið mótlæti en vináttubönd tengja hana og Grímkel sterkum böndum.

⇨ Um kennsluefnið

Kennsluefnið með*Vítahring* er einkum ætlað 6.-7. bekk grunnskóla. Stærstur hluti þess er verkefnahefti sem ætlað er til ljósritunar. Í því er að finna stutta samantekt um efni kaflanna eða efni sem tengist þeim, efnisspurningar og lista yfir nokkur orð sem nemendur eru beðnir um að skýra. Gert er ráð fyrir að hver nemandi vinni sitt hefti en vel mætti hugsa sér að tveir og tveir vinni það saman.

Auk verkefnaheftisins má hér finna kennsluhugmyndir sem hægt er að útfæra á ýmsa vegu. Efni bókarinnar hentar vel í þemavinnu eða samþættingu námsgreina, t.d. íslensku og samfélagsfræði.

⇨ Námsmat

Gert er ráð fyrir alhliða námsmati sem felst t.d. í stuttri könnun úr efni bókarinnar, viðtölum, sjálfsmati, jafningjamati og dagbókarskrifum. Í raun má meta allt sem viðkemur vinnunni með efni bókarinnar. Gera þarf nemendum grein fyrir því hvernig matið fer fram áður en hin eiginlega vinna hefst.

Nemendur ættu að halda til haga öllu efni sem þeir nota, þ.m.t. efni sem þeir finna á Netinu, glósum, efni sem þeir fá ljósritað eða texta sem þeir skrifa sjálfir. Þetta efni

geta þeir geymt í verkmöppu sinni. Þeir velja síðan hluta af þessu efni í sýnismöppuna sína og leggja hana fram til námsmats. Gott er að láta nemendur hafa leiðbeiningar og gátlista yfir það efni sem ætti að vera í sýnismöppunni.

⇨ Umhverfið í skólastofunni

Leggja ætti áherslu á að í skólastofunni sé hægt að nálgast efni af ýmsu tagi sem tengist viðfangsefninu. T.d. má nefna úrval bóka um Íslendingasögur, eintök af þekktum sögum, t.d. *Gísla sögu*, *Brennu-Njáls sögu*, *Grettis sögu*, *Laxdæla sögu*, *Hrafnkels sögu Freysgoða* og *Kjalnesinga sögu*. Þar sem til eru sérstakar útgáfur af Íslendingasögunum fyrir börn og unglinga er sjálfsagt að hafa þær tiltækar, t.d. *Njálu*, *Eglu* og *Laxdælu* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur. Teiknimyndabækurnar um Njálu; *Blóðregn*, *Brennan* og *Vetrarvíg,* eru einnig kjörið ítarefni. Til eru kort sem tengjast Íslendingasögum sem hengja má upp á vegg. Einnig má ljósrita eitt og annað úr bókum sem líklegt er að veki áhuga nemenda. Má þar nefna myndir t.d. af vopnum og húsakynnum. Að sjálfsögðu eru myndir nemenda og veggspjöld einnig heppileg á veggi skólastofunnar eða ganga fyrir framan stofuna.

⇨ Áður en hafist er handa

Vítahringur er eins konar Íslendingasaga fyrir nútímaunglinga. Áður en vinna með efni bókarinnar hefst ætti að upplýsa nemendur um efni hennar og kynna þeim heim Íslendingasagna. Helstu hugtök sem fjalla ætti um eru:

- form, málfar, stíll
- aldur og varðveisla
- víkingaöld
- ættarsamfélagið
- sæmd
- hetjuímyndin
- hetjuhugsjónin
- hefndarskyldan
- heiðni og kristni
- forlagatrú
- fyrirboðar

Hér má nálgast nokkrar glærur sem henta í þessu sambandi.

Æskilegt er að kynna viðfangsefnið vel fyrir foreldrum. Það má gera á ýmsan hátt, t.d.:

- Bjóða foreldrum í heimsókn í kennslustund.
- Athuga hvort eitthvert foreldri hefur tök á að koma í heimsókn og segja frá sinni reynslu af því að lesa Íslendingasögu, jafnvel að segja frá uppáhalds Íslendingasögunni sinni.
- Skrifa efni á heimasíðu og kynna það vel fyrir foreldrum. Nemendur geta tekið þátt í að semja efnið sem sett verður á heimasíðuna eða fengið foreldra sína til að aðstoða við að taka saman efni sem setja má á hana.
- Senda ítarlegt kynningarbréf heim til foreldra. Nemendur geta tekið að sér að semja bréfið.

Nemendur geta sjálfir kynnt sér Íslendingasögur á ýmsan hátt. T.d. með því að:

- Leita á Netinu.
- Skoða bækur á bókasafninu.
- Spyrja forelda og/eða eldri systkini.

⇨ Frá höfundi

Kristín Steinsdóttir er þekktur rithöfundur sem hefur samið á þriðja tug bóka. Þær eru allar fyrir börn og unglinga nema tvær. Auk þess hefur hún skrifað leikrit með lðunni systur sinni, þýtt nokkrar barnabækur og birt smásögur í blöðum og safnritum. Hún hefur fengið verðlaun og viðurkenningar, bæði innlendar og erlendar.

Kristín skrifar hér nokkur orð um sjálfa sig og bókina Vítahring.

⇨ Harðar saga og Hólmverja

Á tiltilsíðu *Vítahrings* segir að bókin sé að hluta til byggð á *Harðar sögu* en að annað sé skáldskapur. Þótt vel megi njóta bókarinnar án þess að kynna sér *Harðar sögu* er áhugavert að bera sögurnar saman. Í *Harðar sögu* segir frá Herði Grímkelssyni sem var vænn maður en skapmikill. Hann var dæmdur sekur skógarmaður. Hafðist hann síðast við í Geirshólmi í Hvalfirði með mönnum sínum og voru þeir kallaðir Hólmverjar. Þeir drógu fram lífið með því að fara í ránsferðir um Hvalfjörð en að lokum voru þeir sviknir og vegnir af andstæðingum sínum. Helga kona Harðar var jarlsdóttir frá Gautlandi. Hún bjargaði sér á sundi úr hólminum með syni sína tvo, Grímkel og Björn.

Nálgast má söguna hjá Netútgáfunni. Slóðin er http://www.snerpa.is/net/isl/hardar.htm

⇨ Nokkrar hugmyndir að verkefnum og viðfangsefnum

1. Bókinni er skipt í 64 stutta kafla. Köflunum er skipt jafnt á milli hópanna sem taka saman aðalatriði hennar og útbúa glærusýningu. Hver hópur kynnir niðurstöður sínar.
2. Brot úr Harðar sögu er borið saman við samsvarandi frásögn í *Vítahring*. Í 7. kafla *Harðar sögu* segir frá því þegar Hörður Grímkelsson braut men Signýjar móður sinnar og var síðan sendur í fóstur til Gríms og Guðríðar í Botni. Kaflinn hentar vel í þeim tilgangi. T.d. geta nemendur borið saman málfar og setningagerð eða athugað hvort höfundur *Vítahrings* fylgir frásögninni nákvæmlega.
3. Kvæði Davíðs Stefánssonar, Helga jarlsdóttir, er samið út frá efni *Harðar sögu og Hólmverja*. Það er alls tuttugu og þrjú erindi. Hér má nálgast þrettán þeirra. Kvæðið er lagt er í munn Helgu, konu Harðar, og er í senn ástar- og örlagakvæði. Nemendur geta unnið með efni kvæðisins á ýmsa vegu, t.d.:
    a. Borið saman lýsingu á Herði Grímkelssyni í kvæðinu og sögunni *Vítahring*.
    b. Valið tvær til fjórar vísur úr kvæði Davíðs og myndskreytt.
    c. Endursagt efni kvæðisins með sínum eigin orðum.
4. Ættartré henta vel til að sjá tengsl sögupersóna. Nemendur búa til ættartré helstu persóna sögunnar. Áður en þeir gera það mætti biðja þá að búa til ættartré fjölskyldu sinnar.
5. Helsta sögusvið *Vítahrings* er Hvalfjörður. Nemendur búa til veggspjald með sögusviðinu þar sem þeir gera m.a. stutta grein fyrir hvar ýmsir atburðir sögunnar áttu sér stað.
6. Sögupersónur í *Vítahring* eru margar. Nemendur búa til veggspjald með yfirliti yfir helstu persónur. T.d. mætti biðja þá að teikna og klippa persónurnar út og líma þær

síðan á spjald sem hengt er upp í kennslustofunni. Hver nemandi útbýr eina persónu eða sitt eigið spjald. Hverri persónu ættu síðan að fylgja upplýsingar, t.d. um áhugamál, fjölskyldutengsl og fleira.

7. Sagan *Vítahringur* gerist í heiðnum sið en nokkrar persónur hafa kynnst kristni. Nemendur fá það verkefni að kynna sér heiðna siði, t.d. með því að skoða norræna goðafræði. Þeir gætu útbúið glærusýningu, veggspjald eða skrifað stutta grein.
8. Allir nemendur í bekknum taka sig saman og búa til eina „fornsögu". Kennari og nemendur koma sér saman um efni hennar, umhverfi, helstu persónur og annað sem skiptir máli. Bekknum er síðan skipt í hópa og hver hópur tekur að sér að skrifa ákveðinn hluta. Þegar textinn er tilbúinn má skrifa hann á blöð sem líta út fyrir að vera gömul og gæta þess að hafa samræmi í útliti, t.d. að nota sams konar blekpenna. Búin er til forsíða við hæfi og blöðin síðan bundin saman, t.d. með leðuról.
9. Safnaheimsókn. Farið er í skipulagða heimsókn á söfn til að skoða gömul handrit. Þar sem því verður ekki við komið mætti skipuleggja „heimsókn" á Netinu með notkun skjávarpa. Til dæmis má skoða stafrænt handritasafn á vef Stofnunar Árna Magnússonar og vefinn Handritin heima.
10. Hægt er að vinna fjölbreytt ritunarefni í tengslum við efni bókarinnar. Nemendur halda lestrardagbók, skrifa nýjan endi, breyta atburðarás, bæta inn persónu, skrifa persónum bókarinnar bréf, halda dagbók fyrir hönd persóna, skrifa blaðagrein þar sem atburðir eru færðir í fréttastíl, skrifa ritdóm, búa til matreiðslubók með mat frá landnámsöld, skrifa hugleiðingu, gera útdrætti úr völdum köflum bókarinnar og margt fleira sem kemur upp í hugann við lesturinn.

⇨ Til umræðu

Ýmiss konar vangaveltur kvikna við lestur bókarinnar og gefa þær tilefni til umræðna í litlum eða stórum hópum. Meðal þess sem kennari gæti spurt nemendur er:

1. Hvert skyldi hafa verið hlutverk Íslendingasagna?
2. Skiptir máli að ekkert er vitað um höfunda þeirra?
3. Hvers vegna leystu menn deilur með vopnum í stað þess að reyna að finna friðsamlegri leiðir?
4. Hver var staða kvenna á víkingaöld?
5. Haldið þið að sögurnar endurspegli í raun og veru þann tíma sem þær eiga að gerast á?
6. Skiptir einhverju máli fyrir okkur sem þjóð að eiga þennan bókmenntaarf?
7. Hvers konar karlmennskuímynd er dregin upp í Íslendingasögum?
8. Væri hægt að heimfæra þessa sögu yfir í nútímann? Hvernig saga gæti það verið?
9. Hvernig tengist nafn bókarinnar innihaldi hennar. Hvers konar vítahring er átt við?
10. Er hægt að réttlæta ofbeldi?
11. Hvað áttu Grímkell og Afreka sameiginlegt?

⇨ Ítarefni

Vefsíður:

Handritin heima: http://www.am.hi.is/handritinheima/index.html

Harðar saga og Hólmverja. Netútgáfan. http://www.snerpa.is/net/isl/hardar.htm

Stofnun Árna Magnússonar: http://www.am.hi.is/

Vefur um Leif heppna: http://www.namsgagnastofnun.is/leifur/index.html

Prentað efni:

Davíð Stefánsson. 1952. *Að norðan*. Helgafell, Reykjavík.

Þuríður Jóhannsdóttur. 2005. Karlmennskuímyndin – eða að búa við frið. *Tímarit Máls og menningar.*

Stefán Aðalsteinsson. 1999. *Landnámsmennirnir okkar.* Mál og menning, Reykjavík.

Steingrímur Steinþórsson. 1951. *Víkingar*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Sjá einnig:

Morgunblaðið þriðjudaginn 7.12. 2004 og laugardaginn 20.11. 2004 (umfjöllun um bókina).

Landnám Íslands, myndband (17 mínútur). 1987. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Alfræði íslenskrar tungu, margmiðlunardiskur. 2001. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

7. kafli
Litlu síðar fæddi Signý sveinbarn. Sá var Hörður nefndur. Hann var snemma mikill vexti og vænn að áliti en ekki dálega bráðger fyrst í því að hann gekk eigi einn saman þá er hann var þrevetur að aldri. Þetta þótti mönnum kynlegt og eigi bráðgervilegt svo sem hann var frágerðamaður að öllu öðru.

Og þann dag er hofhelgi var haldin að Ölfusvatni, því að Grímkell var blótmaður mikill, sat Signý á stóli sínum á miðju stofugólfi. Bjóst hún þá um og lá men hennar hið góða í knjám henni. Sveinninn Hörður stóð við stokk og gekk nú hið fyrsta sinni frá stokkinum og til móður sinnar og rasaði að knjám henni. Menið hraut á gólfið fram og brast í sundur í þrjá hluti.
Signý reiddist mjög og mælti: „Ill varð þín ganga hin fyrsta og munu hér margar illar eftir fara og mun þó verst hin síðasta."

Hún kvað vísu:

Braut í sundur fyrir sætu
Sírnis hljóða men góða.
Ýta trú eg að engi bæti
auðar hlíði það síðan.
Gangr varð ei góður hins unga
gulls lystis hinn fyrsti.
Hverr mun héðan af verri.
Hneppstur mun þó hinn efsti.

Grímkell kom í því í stofuna og heyrði hvað hún kvað. Hann greip upp sveininn þegjandi og reiddist mjög þessum orðum og kvað vísu:

Auðs hefir átta beiðir
ógóða sér móður.
Hann nam fyrst að finna
fljóðs nýgenginn jóða
bræðiorð þau er beiðir
brennusjós mun kenna.
Atkvæði lifa lýða
lengur en nokkur drengja.

Svo var Grímkell reiður orðinn að hann vildi eigi að sveinninn væri heima þar. Hann fer og hittir Grím og Guðríði og biður þau taka við Herði og fæða hann þar upp. Þau kváðust það gjarna vilja og tóku fegin við og þótti góð sending í vera.

Einum vetri fyrr höfðu þau Grímur og Guðríður son átt er þau létu Geir heita. Hann var snemma mikill og vænlegur og vel að íþróttum búinn, þess að hann skorti þó um allt við Hörð. Uxu þeir nú upp báðir samt og varð skjótt ástúðigt með þeim.

Signý undi nú verr eftir þetta en áður og var nú sýnu færra með þeim Grímkatli en fyrr.
Enn dreymdi hana draum að hún sæi tré eitt mikið sem fyrr, í rótum mest, limamargt og gerði á blóm mikið.

Þann draum réð fóstra hennar enn til barngetnaðar þeirra á milli og mundi vera dóttir og lifa eftir ætt stór er henni sýndist limamargt tréið „en þar er þér þótti það bera blóma mikinn mun merkja siðaskipti það er koma mun og mun hennar afkvæmi hafa þá trú sem þá er boðin og mun sú betri".

Orð frá höfundi

Höfundurinn

Ég er fædd og uppalin á Seyðisfirði. Ég lauk hefðbundinni skólagöngu, tók stúdentspróf 1967 og kennarapróf 1968. Þá tók við þriggja ára kennsla við Réttarholtsskólann í Reykjavík. Það nægði mér til þess að komast að því að ég vissi ekki neitt og fór þá til Kaupmannahafnar í Kennaraháskólann. Eftir ársdvöl þar lá leiðin til Göttingen í Þýskalandi þar sem ég stundaði nám með hléum og eignaðist tvo drengi. Síðan flutti ég til Noregs tímabundið með manni og börnum.

Heim komin settumst við að á Akranesi. Þriðja barnið bættist í hópinn, stúlka. Ég lauk BA-prófi í þýsku og dönsku frá HÍ 1981 og kennararéttindum á framhaldsskólastigi frá KHÍ 1982. Eftir það kenndi ég bæði við Brekkubæjarskóla og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en sneri mér þá alfarið að ritstörfum og hef verið í fullu starfi sem rithöfundur frá 1988. Þó fór svo að mig langaði aftur inn í skóla og tók leiðsögunám frá Leiðsöguskóla Íslands 2001-2002. Af og til vinn ég við leiðsögn.

Frumsamdar bækur mínar eru á þriðja tug. Þær eru allar fyrir börn og unglinga nema tvær. Þær spanna alla aldurshópa frá ungum börnum til unglinga. Auk bókanna hef ég skrifað allmörg leikrit með lðunni systur minni, þýtt nokkrar barnabækur og birt smásögur í blöðum og safnritum. Ég hef fengið verðlaun og viðurkenningar, bæði innlendar og erlendar.

Árið 2002 fluttist ég búferlum til Reykjavíkur.

Um Vítahring – Helgusona sögu

Mig hafði lengi langað til þess að skrifa þesa bók. Á Akranesárunum fyrir tíma Hvalfjarðarganga lá leiðin sífellt um söguslóðir bókarinnar og það var eins og eitthvað kallaði á mig að skrifa um þetta efni. Kannski Geirshólmi sem er stöðugt fyrir augunum innst í firðinum. Af hverju gerði ég það þá ekki fyrr? Af því að ég var hrædd, þorði ekki að ráðast á „íslenska arfinn“ ef mér mistækist nú og höfuðið yrði tekið af mér. Það var ekki fyrr en ég var búin að lesa fjölmargar erlendar bækur sem fjölluðu um þennan tíma og sækja í mig veðrið í meira en tíu ár að ég tók stökkið. Og það var þess virði.

Allt frá byrjun lá fyrir að ég yrði að vera Harðar sögu trú, sú saga spannar ramma Vítahrings. Ég hvorki gat né vildi breyta henni. Þess vegna notfærði ég mér það litla sem sagan segir um Björn og Grímkel Harðarsyni og reyndi að skapa trúverðugar persónur. Söguþráðurinn sem slíkur er í raun sá sami og í Harðar sögu en „minn“ Grímkell leiðir okkur áfram. Svipuðum vinnubrögðum beitti ég vitaskuld við fullorðna. Nokkrar persónur eru þó mín hugarsmíð með öllu.

Í stuttu máli var þetta mjög skemmtilegt ferli. Kannski má segja að ég hafi verið að skrifa bók inni í bók, varð að vanda mig og detta ekki í neinar gryfjur en hafði líka að mörgu leyti frjálsar hendur. Hver veit t.d. hvernig Grímkell Harðarson hugsaði? Eða hvernig honum

leið? Hann var veginn tólf ára, þá búinn að vera á hrakningum frá því að Hörður brenndi Breiðabólsstað. Mér þótti gaman að takast á við Grímkel og reyna að fanga tíðarandann. Um leið er ótrúlega margt sambærilegt við fréttirnar sem við heyrum daglega: mannvíg, hús brennd til grunna, fólk á flótta. Kannski er þetta bara eftir allt mjög nútímalegt efni!

Ég vandaði mig eins og ég gat og hafði tvo snillinga sem ég sótti í. Annar er Vífill Búason, bóndi á Ferstiklu. Hann veit allt um staðhætti og örnefni í Hvalfirðinum. Hinn er Jón Böðvarsson sagnfræðingur. Báðir kipptu þeir í mig þegar þeir sáu að ég var komin af réttri leið. Án þeirra hefði bókin ekki orðið alveg söm.

Og af hverju var ég að skrifa þessa bók?

Bæði var að sagan heillaði mig. Hún er svo myndræn, þarna mætti gera frábæra kvikmynd. En mig langaði líka til þess að skapa sögu sem væri eins og forspil fyrir stálpaða krakka og unglinga áður en þeir færu að lesa hinar hefðbundnu Íslendingasögur í efri bekkjum grunnskólans. Ég hugsaði mér að þessi sagnaheimur væri að einhverju leyti inngangur að því sem á eftir kæmi. Gæti í besta falli auðveldað leiðina og vakið áhuga.

Halla Sólveig Þorgeirsdóttir myndskreytti bókina og lagði sig alla fram um að láta mynd ríma við texta. Allt var þetta hugsað til þess að létta lesendum róðurinn en jafnframt gert af fullri virðingu fyrir þeim. Kaflar stuttir, auðkenndir með rómverskum tölum (eins og í Íslendingasögunum), persónulýsing fremst og landakort innan á bókarkápu.

Reykjavík á þorra 2006.

Kristín Steinsdóttir

Davíð Stefánsson:

Helga jarlsdóttir (brot)

Myrka stigu margur rekur.
Mörg eru sporin orpin sandi.
Kólguhljóðið kalda vekur
konu eina á Gautalandi.
Að björgum hrynja bárugarðar.
Brimhljóð rjúfa næturfriðinn.
Minningar frá hólma Harðar
hljóma gegnum ölduniðinn.

Ég var ung og átti forðum
elda þá, sem heitast brenna.
Ég hlaut mest af ástarorðum
allra hinna gausku kvenna.
Hetjur lyftu hornum sínum.
Hyllt var ég af skáldum flestum.
En aðeins náði ástum mínum
einn af jarlsins hallargestum.

– – –

Hann var öllum öðrum fegri,
eygur vel og lokkableikur,
öllum öðrum hetjulegri. –
Hann var logi, aðrir reykur.
Hann var Íslands ungi sonur,
óskabarn af norsku kyni.
Fræknir menn og fagrar konur
fögnuðu Herði Grímkelssyni.

Í öllu var hann margra maki,
mestur allra að dirfsku og afli,
þreytti sund á bringu og baki,
beztur allra í leik og tafli,
kunni að verða af kappi æstur,
kveikti í hjörtum logabranda.
Alltaf var hann goðaglæstur
gæddur snilld og konungsanda.

– – –

Eldar kvikna. Eldar braka.
Aldrei gleymast fyrstu kvöldin.
En sú náð að njóta og vaka
nakin bak við rekkjutjöldin.
Hvert hans orð var ilmi blandið.
Allt var gott, sem Hörður gerði.
Svo yfirgaf ég Gautalandið,
gekk til skips – og fylgdi Herði.

Upp úr hvítum úthafsbárum
Ísland reis í möttli grænum.
Heilluð grét ég helgum tárum
af hamingju og fyrirbænum.
Við mér blöstu birkihlíðar;
blikuðu fjöll í skógareldi.
Aldrei fann ég fyrr né síðar
fegri tign og meira veldi.

Man ég úti í Harðarhólma
hungurvæl í fálka og smyrli.
Að bergi hrundi báran ólma.
Bólgnuðu skýin yfir Þyrli.
Stoltar hetjur stóðu á verði.
Stormur kaldur blés af fjöllum.
Sat ég þá í sekt með Herði,
sveininum, er bar af öllum.

– – –

Svaf ég trygg í sekum örmum.
Sælt var mér að fylgja Herði.
Ást hans bætti úr öllum hörmum;
allt var gott, sem Hörður gerði.
Með vopnum eru sekir sóttir,
svívirt þeirra ást og lotning.
Ég er Helga Haraldsdóttir
Hólmverjanna tigna drottning.

– – –

Morðadaginn mikla og þunga
man ég glöggt, þó eldri verði.
Sat ég ein með sveina unga
og sá í land – á eftir Herði.
Í landi biðu böðladróttir.
Brann ég milli ótta og vonar.
En ég var Helga Haraldsdóttir,
Harðar kona Gímkelssonar.

Hefndarþorstinn harminn létti
Heyrði eg kaldar bárur gnauða.
Henti ég mér af háum kletti
í hafið upp á líf og dauða.
Við mig hafði eg Björninn bundið.
Bróður hans var nóg að eggja.
Brauzt ég yfir bárusundið,
bjargaði lífi sona tveggja.

– – –

Góðir drengir Harðar hefndu –
höggið var án dóms og laga.
Hetjur þær, sem heit sín efndu,
hyllir saga alla daga.
Sungin verða sektarljóðin.
Svikarar verða alltaf smáðir.
Með orðstír launar Íslandsþjóðin
allar góðar hetjudáðir.

– – –

Einn er frjáls og annar sekur.
Allt er lífið stríð og vandi.
Kólguhljóðið kalda vekur
konu eina á Gautalandi.
Sigldi ég heim frá Harðar byggðum,
harma liðna sektardaga.
Full af hreysti og hetjudyggðum
er Hólmverjanna raunasaga.

Sé ég oft um svartar nætur
sýnir gegnum rúm og tíma,
meðan hjartað gauzka grætur
af gleði, sorg og ástarbríma.
Þegar bresta bárugarðar
og bátum er úr nausti hrundið,
þrái ég alltaf hólma Harðar,
og hugurinn flýgur yfir Sundið.

Treysti ég því, að tímans straumur
tryggðir gamlar endurskíri.
Hörður, þú ert hugans dramur,
hjartans ljóð og ævintýri.
Meðan lífsins logar dofna,
lofa ég þig í kvæði og sögum.
Enginn meinar mér að sofna
við minningar frá liðnum dögum.